

# **Leikskólinn Brákarborg**



**-Námskrá-**

# Efnisyfirlit

<b>Leikskólasvið Reykjavíkur</b> .....	<b>1</b>
<b>Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis</b> .....	<b>1</b>
<b>Leikskólinn Brákarborg</b> .....	<b>1</b>
<b>Hugmyndafræði Brákarborgar</b> .....	<b>2</b>
Bugða .....	2
John Dewey.....	2
<b>Leikurinn</b> .....	<b>2</b>
Leikurinn er lífið hér og nú .....	2
Hlutverk kennarans .....	2
Hvernig leik- og námsumhverfi bjóðum við börnunum.....	3
Það sem boðið er upp á: .....	3
<b>Daglegt líf</b> .....	<b>4</b>
Matartími.....	4
Hvíld .....	4
Fataherbergi .....	4
Hreinlætisvenjur.....	4
Hlutverk .....	5
Hreyfing .....	5
Tónlist .....	5
Myndlist .....	6
Náttúra og umhverfi .....	6
Menning og samfélag.....	6
Málþroski .....	7
Tölvur.....	7
Lífsleikni .....	7
<b>Skóli án aðgreiningar</b> .....	<b>7</b>
<b>Mannréttindastefna Reykjavíkur</b> .....	<b>8</b>
<b>Foreldrasamvinna</b> .....	<b>8</b>
<b>Samstarf kennara</b> .....	<b>9</b>
<b>Matsaðferðir</b> .....	<b>9</b>
<b>Ytra mat:</b> .....	<b>9</b>
Innra mat: .....	9
<b>Starfsáætlun</b> .....	<b>9</b>
<b>Samstarf við grunnskóla</b> .....	<b>10</b>
<b>Hátíðir og hefðir</b> .....	<b>10</b>

## Leikskólasvið Reykjavíkur

Leikskólar Reykjavíkurborgar starfa samkvæmt [lögum um leikskóla frá árinu 2008](#) og reglugerð við þau lög frá 1995 og er sú reglugerð í endurskoðun. Lögin kveða á um að leikskólinn sé fyrsta skólástigið í skólakerfinu og í samræmi við það hefur verið gefin út [aðalnámsskrá leikskóla \(1999\)](#) sem er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum. Það er markmið og leiðarljós Leikskólasviðs Reykjavíkur að í leikskólum borgarinnar sé unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverju barni er mætt á eigin forsendum, byggt upp gott foreldrasamstarf með virkri þátttöku foreldra og í leikskólunum starfi vel menntað og áhugasamt starfsfólk.

Leikskólasvið Reykjavíkur leggur áherslu á sjálfstæði hvers leikskóla til að móta sína uppeldisstefnu í samráði við foreldra og börn. Stefnan skal byggjast á sameiginlegri hugmyndafræði starfsfólks og ytri aðstæðum hvers leikskóla.



## Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Þjónustumiðstöð fyrir Laugardal og Háaleiti er staðsett í Síðumúla 39. Sálfræðingar, sérkennsluráðgjafar og félagsráðgjafar leikskólans eru þar starfandi. Kennarar og foreldrar geta nýtt sér þessa þjónustu ef á þarf að halda. Sérkennsluráðgjafi kemur reglulega í hús, með ráðleggingar fyrir kennara, foreldra og eftirfylgd.



## Leikskólinn Brákarborg

Brákarborg er einn af elstu leikskólum Reykjavíkurborgar og hóf starfsemi árið 1952. Viðbygging við leikskólann var tekin í notkun í febrúar 1995. Leikskólinn er í grónu hverfi, staðsettur á milli Skipsunds og Sæviðarsunds við göngustíg sem heitir Brákarsund. Stutt er í Laugardalinn, sem hefur upp á margt að bjóða og nýtist vel í okkar starfi allan ársins hring. 51 barn dvelur í leikskólanum samtímis og skiptast þau á þrjár aldursskiptar deildir. Deildirnar heita Dvergheimar, Álfheimar og Jötunheimar.



## Hugmyndafræði Brákarborgar



**Bugða** er samstarfshópur fjögurra leikskóla í Reykjavík (Brákarborg, Garðaborg, Klambrar og Rauðhóll) sem hafa sett sér sameiginleg markmið um uppeldisstarf og starfsmannastefnu. Leikskólarnir sækja uppeldiskenningar sínar til John Dewey og starfsaðferðir eru sóttar til Caroline Pratt sem er hönnuður einingakubbanna sem eru eitt helsta leik- og námsefni **Bugðuskólanna**.

**John Dewey** var prófessor í heimspeki og vildi framsækinn skóla þar sem umhverfið væri jákvætt, vingjarnlegt og kennarinn vinsamlegur leiðbeinandi. Börnin læra af reynslu, eigin virkni og áhuga en ekki kennslu. Hann lagði áherslu á að ferlið skipti máli en ekki hvað kemur út úr því. Fleiri upplýsingar má finna [hér](#).

**Caroline Pratt** var bandarískur uppeldisfrömuður og byggði hugmyndafræði sína á framfarastefnu Dewey. Sá efniviður sem unnið er með fellur vel að hugmyndum Pratt og Dewey um nám barna. Hann býður ekki upp á tilbúna lausnir, heldur gefur hann börnunum tækifæri til að vinna úr reynslu sinni á skapandi hátt. Þau endurskapa þannig sitt eigið umhverfi sem þau eru of lítil til að taka þátt í en eru alltaf áhorfendur að. Fleiri upplýsingar má finna [hér](#).

## Leikurinn

### Leikurinn er lífið hér og nú

Þegar fylgst er með leik barna má sjá hvernig þau yfirfæra reynslu úr eigin lífi inn í leikinn. Þau miðla þeirri reynslu til annarra barna og víkka þar með reynsluheim félaga sinna. Í leiknum kemur upp ýmiskonar ágreiningur sem börnin þurfa að læra að leysa á friðsamlegan hátt. Á þann hátt læra þau af hvert öðru og öðlast nýtt sjónarhorn.

### Hlutverk kennarans

Kennarinn er ávallt nálægur og fylgist með leiknum án þess að vera beinn þátttakandi. Hann hjálpar þeim börnum sem eiga erfitt með að komast inn í leikinn, fylgist með ágreiningsmálum og hvetur börnin til að finna lausnir sjálf. Ástæða þess að kennarinn er ekki virkur þátttakandi í leiknum er sú að við teljum að þátttaka hans geti valdið því að leikurinn fari í of miklum mæli að snúast um kennarann og börnin verði ekki eins virk í að stýra leiknum sjálf.



### Hvernig leik- og námsumhverfi bjóðum við börnunum

Efniviður, rými og tími eru auk kennarans lykilatriði þegar skapa á lærdómsríkt leikumhverfi fyrir börn. Það samanstendur af margskonar hlutum, manneskjum, bæði stórum og smáum, auk rýmis innan- og utanhúss, sem reynir á getu og hæfileika barnanna.



Til þess að efla hugmyndaflug og sköpunarhæfni barnanna, bjóðum við þeim úrval af opnu leik- og námsefni sem gefur tækifæri til að fá mismunandi lausnir og niðurstöður. Opinn efniviður er því góð viðbót við þau leikföng sem börnin eiga heima hjá sér.

Við skiptum börnunum þannig að hluti þeirra er í frjálsum leik úti á meðan hinir eru inni í leik. Þetta gerum við til þess að dreifa börnum og kennurum um húsið og garðinn. Þannig fær hvert barn aukið leikrými.



Mikilvægt er að skapa gott andrúmsloft fyrir frjálsa leikinn. Það er m.a. gert með því að gefa honum góðan tíma. Frjáls leikur fer fram í svokölluðu flæði þar sem börnin taka hvert fyrir sig, ákvörðun um hvaða svæði þau kjósa og hvernig leik. Auk frjálsa leiksins er börnunum á hverri deild skipt í hópa sem taka markvisst þátt í kubbaleik. Hver hópur fer einu sinni í viku með kennara sínum þar sem leikurinn fer fram á forsendum barnanna.

Í Brákarborg er unnið með þróunarverkefnið „Samfélagið í einingarkubbum“.



### Það sem boðið er upp á:

- **Útivera:** Frjáls leikur úti og hreyfing.
- **Litlir kubbar:** Byggingaleikur með einingakubba og endurnýtanlegan efnivið. Unnið með flesta náms- og þroskaþætti.
- **Stórir kubbar:** Ímyndunar- og byggingaleikur með stóra hola trékubba. Viðbótarefni: föt og annað sem börnin nota í hlutverkaleikinn.
- **Leir:** Vinna með leir þjálfar fínhyfingar og eflir sköpun.
- **Sandleir:** Einnig unnið með fínhyfingar og ímyndunarafl.
- **Tölva:** Börnin kynnast ýmsum kennsluforritum og þjálfa sig í að nota músina.
- **List:** Handavinna með pappír, liti, lím, skæri, málningu, efni, garn, nálar og fleira til sköpunar.
- **Mottur:** Frjáls leikur með skógarkubba, dýr og fleira. Reynir á hugmyndaflugið.
- **Púðar:** Leikur með mjúka svamppúða sem hafa mismunandi lit og lögun.



- **Ýmiskonar endurnýjanlegur efniviður:** Örvar skapandi starf með börnunum.
- **Margs konar tæki:** Sem börnin geta notað til þess að gera fjölbreyttar rannsóknir. Má þar nefna ljósaborð, myndvarpa og ónothæf tæki sem annars myndu fara í ruslið.

## Daglegt líf

Að stórum hluta fer uppeldisstarf fram í hinum almennu daglegu athöfnum. Dagskipulagið er ákveðið með þarfir og heilsu barnanna í huga auk þess sem tekið er tillit til aldurs og samsetningar barnahópsins. Eftir því sem börnin eru yngri taka daglegar venjur lengri tíma.



### Matartími

Börnin læra borðsiði og með hækkandi aldri og auknum þroska læra þau að bjarga sér sjálf. Þau eru hvött til þess að smakka allan mat. Við gefum börnunum nægan tíma til þess að borða og notum tímann vel í umræður og spjall. Kennarar sitja alltaf til borðs með börnunum og borðar með þeim. Eftir því sem börnin eldast eru þau hvött til að vera sjálfstæð í matartíma m.a. með því að skammta sér sjálf, hella í glösin, skera matinn með hníf og ganga frá eftir sig.

Leikskólinn fer eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni líkt og sett er fram í Handbók fyrir leikskólaeldhús. Leikskólinn birtir matseðil fyrirfram fyrir a.m.k eina viku í senn. Matseðill er aðgengilegur foreldrum og er hann vel lýsandi.

### Hvíld

Öll börn skólans þurfa slökun og hvíld eftir hádegisverð. Þau börn sem þurfa að sofa gera það og fylgir starfsfólk þeim í hvíld. Eldri börnin þurfa styttri hvíldartíma og er sá tími notaður í lestur, hlustun, sögufrásagnir og umræður.



### Fataherbergi

Mikil samskipti fara fram í fataherbergi. Börnin eru hvött til þess að hjálpa sér að mestu sjálf eftir aldri og getu. Þau læra mikið um líkamsvitund og hreyfifærni þeirra eykst við það að klæða sig úr og í. Við tölum um veðrið og börnin læra að klæða sig eftir því.



### Hreinlætisvenjur

Mikil áhersla er lögð á að börnin læri ákveðnar hreinlætisvenjur s.s. þvo sér eftir salernisferðir og fyrir mat. Yngri börnin fá aðstoð við það en um leið og þau hafa getu til þess fara þau að sjá um það sjálf. Misjafnt er hvenær börn eru tilbúin að hætta með bleiu. Markmið okkar er að öll börn verði sem mest sjálfbjarga í

hreinlætisvenjum þegar leikskólagöngu þeirra lýkur.

### **Hlutverk**

Börnin hafa ákveðin hlutverk sem þau skiptast á að sinna. Þar má nefna: borðþjón, raða bókum, taka til í fataherbergi, skola mjólkurfernur og sópa. Að auki skiptast elstu börnin á að aðstoða starfsfólk á Dvergheimum með yngstu börnin. Mismunandi hlutverk eru á milli deilda og fer það eftir aldri og þroska barnanna.



## **Námssvið leikskólans**

Í daglega starfinu er boðið upp á fjölbreyttan efnivið sem börnin fá sjálf að velja eftir áhuga sínum hverju sinni. Á svæðunum eru námssvið leikskólans höfð að leiðarljósi. [Nánari upplýsingar um námssvið leikskóla má sjá í Aðalnámsskrá leikskóla frá 1999.](#)



### **Hreyfing**

Hreyfing er nauðsynleg öllum börnum. Með henni fá þau útrás fyrir þann kraft sem í þeim býr auk þess sem þau styrkja líkama sinn og efla alla skynjun.

**1-3 ára:** Við þjálfum börnin í þrautabrautum þar sem við notum ýmis hjálpartæki. Förum í hreyfileiki, boltaleiki og leiki sem þjálfar jafnvægi og samhæfingu. Einnig fá börnin að hreyfa sig frjálst bæði úti og inni þar sem þau fá aukna útrás fyrir hreyfiþörf sína. Förum í stuttar gönguferðir þar sem aðaláherslan er lögð á að þjálfar þau í að fara út úr garðinum í hóp.



**3-6 ára:** Börnin eru komin með meira vald yfir líkama sínum og styrkur þeirra hefur aukist til muna. Þrautbrautir, leikir og allar æfingar þyngjast. Við förum í lengri gönguferðir og aukum þol þeirra og styrk.



### **Tónlist**

Með henni eflum við tónlistaráhuga barnanna, þau kynnast fjölbreyttri tegund tónlistar, mismunandi hljóðgjöfum, næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda. Börnin fá útrás fyrir gleði sína og hreyfingu með því að hlusta á og hreyfa sig eftir tónlist.

**1-3 ára:** Við syngjum einföld lög gjarnan með hreyfingu, börnin læra að klappa í takt, nota óhefðbundna hljóðgjafa s.s. líkamann, steina og fl.

**3-6 ára:** Unnið er með mismunandi hljóðgjafa og sumir

eru búnir til af börnunum. Lög og textar verða flóknari. Notuð eru hugtökin hátt/lágt, hratt/hægt, djúpt/skært og langt/stutt.

*Sungið er á hverjum degi í samverustundum á öllum deildum en auk þess er sameiginleg söngstund einu sinni í viku fyrir öll börn leikskólans.*

### **Myndlist**

Í myndlist eflist samhæfing augna og handa og við eflum fínhyfingar. Efniviðurinn er fjölbreyttur svo að börnin átti sig á þeim fjölbreytileika sem felst í mismunandi áferð, litum og þeim vinnuáferðum sem hver efniviður býður upp á.

**1-3 ára:** Við notum stór blöð og einfaldan efnivið, málum með fingrunum og stórum penslum. Trélitir og vaxlitir eru líka mikið notaðir.

**3-6 ára:** Efniviðurinn verður fjölbreyttari og börnin gera ýmiss konar tilraunir með hann. Verkefni þeirra taka oft mið bæði af upplifunum og ímyndunarheimi þeirra. Börnin hafa alltaf aðgang að litum og blöðum.



### **Náttúra og umhverfi**

Við viljum að börnin verði meðvituð um umhverfið sitt, taki eftir fjölbreytileika náttúrunnar og beri virðingu fyrir henni.

**1-3 ára:** Við ræðum um árstíðarskiptin og vekjum athygli á þeim, í útiveru og í söngvum. Í stuttum göngutúrum í nánasta umhverfi okkar skoðum við plöntu- og dýralíf.

**3-6 ára:** Vegna staðsetningar leikskólans notum við mikið Laugardalinn og húsdýragarðinn. Við förum með pappír og fernur í nærliggjandi gáma og setjum niður kartöflur og annað grænmeti í garðinum.



### **Menning og samfélag**

Öll erum við þátttakendur í þeirri menningu sem ríkir í samfélagi okkar. Við leggjum áherslu á að börnin öðlist hæfni til þess að vera virk í þátttöku sinni í menningunni sem umlykur samfélagið innan leikskólans jafnt sem utan hans. Við kynnum því fyrir börnunum fjölbreytileika samfélagsins og mismunandi vinnuumhverfi fólksins sem í því býr. Við teljum mikilvægt að þau læri um mismunandi fjölskyldugerðir, aðstæður og hefðir bæði hjá eigin þjóð og annarra. Einnig styðjum við þau í að læra þær leikreglur sem gilda í samfélaginu. Með þróunarverkefninu sem við vinnum að, fá elstu börnin tækifæri til að til þess að kynnast nánar því samfélagi sem við lifum í, með vettvangsferðum og umræðum sín á milli og við kennara.





### Málproski

Málörvun er fléttuð inn í allt starf leikskólans. Í leiknum, í daglegri umönnun, í samskiptum milli barna o.s.frv. Í allri daglegri umgengni við börnin eflum við almennan málproska þeirra. Þau læra að tjá sig á skilmerkilegan hátt, hlusta á aðra og spyrja spurninga. Málrækt er mikilvæg fyrir alla ekki síst fyrir þau börn sem eiga annað tungumál en íslensku.

**1-3 ára:** Við lesum og segjum stuttar, einfaldar sögur. Orð eru sett á hluti og atburði í umhverfinu og í samtölum eru gjarnan spurningarnar þannig að þær krefjast annarra svara en já og nei. Í gegnum söngva og þulur læra börnin mörg ný orð. Til þess að læra textann þarf að hlusta vel og í honum felast margvísleg orð sem ekki eru notuð í daglegu tali. Einnig eru matartíminn og fataklefnn tilvaldir til umræðna. Við höfum ritmálið sýnilegt með því að merkja skúffur og sæti barnanna með nöfnum þeirra.

**3-6 ára:** Ritmálið er ennþá haft sýnilegt með merkingum og börnin fara að skrá sig sjálf inn og út úr leikskólanum. Einnig er unnið með rím, sögugerð og söngva. Hljóm 2, verkefni sem leggur mat á hljóðkerfis- og málvitund elstu barnanna í leikskólanum er lagt fyrir.



### Tölvur

Á elstu deildinni hafa börnin aðgang að tölvu. Markmið okkar er að börnin læri á tölvuumhverfið og öðlist hæfni til að vinna með hin ýmsu kennsluforrit. Þau læra samvinnu og að aðstoða hvert annað. Tölvuforritin okkar eru forrit sem efla tjáningu, mál- og talnaskilning.

### Lífsleikni

Í allri daglegri umgengni styrkjum við lífsleikni barnanna með því að efla alla þroskaþætti. Við leggjum áherslu á að börnin læri í samskiptum við önnur börn og fullorðna sem og í gegnum leikinn að virða eigin rétt og annarra, bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Að þau geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir, að þau hlusti og að á þau sé hlustað, geti skilið og farið eftir settum reglum sem gilda innan leikskólans.



### Skóli án aðgreiningar

Skóli án aðgreiningar merkir að þar eiga allir einstaklingar að hafa jafna möguleika á að njóta þess sem leikskólinn býður uppá. Börn búa við mismunandi uppeldisskilyrði og eru af ólíku bergi brotin. Markmiðið er að þau læri að bera virðingu fyrir náunganum óháð andlegu og líkamlegu atgervi, hver sem uppruni hans, kyn, lífsviðhorf, tunga eða trúarbrögð eru.

Í leikskólanum eflum við tilfinningu sérhvers barns fyrir því að það tilheyrir samfélaginu og sé hluti af því.

Uppeldisstarfið er skipulagt út frá þeim forsendum að öll börn geti verið



þátttakendur í því og að virða þarf sérkenni einstaklingsins utan hefðbundins uppeldisstarfs.

Hvert barn þarf að fást við verkefni við sitt hæfi til þess að geta notið sín í barnahópnum og styrkt sjálfsmynd sína.

Það er mikilvægt að skilgreina hvernig við ætlum að vinna í leikskólanum og fær því hvert barn einstaklingsnámskrá. Samstarf milli leikskóla og heimilis er lykilþáttur í að vel takist til. Gott upplýsingaflæði þarf að vera innan leikskólans. Þ.e.a.s. milli allra starfsmanna, til að allir viti hverjar þarfir barnsins eru.

Alþjóðahús býður upp á tulkajónustu þegar börn af erlendum uppruna hefja leikskólagöngu einnig er boðið upp á tulkajónustu fyrir heyrnarskert börn og foreldra. Þessa þjónustu nýtum við okkur ef með þarf og einnig á meðan leikskólagöngu stendur. Við leggjum áherslu á gott foreldrasamstarf til að kynnast sem best heimamenningu barnsins og foreldra þess.

Ef börn þurfa á sérkennslu að halda veitum við hana hér. Við erum í samvinnu við sálfræðinga, sérkennsluráðgjafa, talmeinafræðinga sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara. Sum börn þurfa einnig að fá þjálfun hjá þessum fræðingum á þeirra stofum.

### [Mannréttindastefna Reykjavíkur](#)

## Foreldrasamvinna

Hér er lögð áhersla á að taka vel á móti öllum foreldrum þegar þeir koma með börn sín í leikskólann. Foreldrar eiga að finna vinalegt andrúmsloft sem kennarar skapa í leikskólanum. Við gætum þess að foreldrar fari ekki með börn sín í lok dags án þess að kveðja, þakka fyrir daginn og bjóða barnið velkomið næsta dag. Jákvæð samvinna við foreldra er grundvöllur fyrir góðri líðan barna þeirra í leikskólanum.

Leikskólinn býður upp á:

- Góða kynningu á leikskólanum í upphafi leikskólagöngu.
- Foreldraviðtöl tvisvar sinnum á ári.
- Foreldrafund að hausti þar sem starfsáætlun og dagatal er kynnt.
- Fréttabréf eða tölvupóstur sent reglulega út til foreldra.
- Fréttir, myndir og ýmis konar upplýsingar settar inn á heimasíðu leikskólans.
- Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfi okkar og barnanna.
- Foreldrum boðið í ferðir og á hinar ýmsu uppákomur.



Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennslustjóri eru alltaf til viðtals ef þörf er á.

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og foreldraráð. Nánari upplýsingar um þau má finna á [síðu foreldrafélagsins](#).

## Samstarf kennara

Kennarahópurinn á Brákarborg skapar sér vettvang fyrir umræður og skoðanaskipti um uppeldi barna. Við tölum saman um starfið okkar með gagnkvæmu trausti. Það er mikilvægt að kennarar virði skoðanir hvers annars, tali saman, geti tekið gagnrýni og gagnrýnt aðra á jákvæðan og hvetjandi hátt.

Kennarasamfélagið í okkar leikskóla byggist á því að við getum leitað hvert til annars með hin ýmsu mál sem upp koma í starfinu. Við erum samstiga í aðgerðum okkar t.d.

í sambandi við börnin. Við leggjum okkur fram við að læra hvert af öðru, börnum og starfinu til framdráttar.

Haldnir eru deildarfundir og stuttir faglegir umræðufundir. Einnig eru 5 skipulagsdagar þar sem leikskólinn er lokaður, sem notaðir eru fyrir faglega starfið og fræðslu fyrir kennara Brákarborgar.

Með því að vera í samstafi við hina Bugðuskólanna skapast vettvangur til sameiginlegrar fræðslu fyrir kennara þessara skóla.



## Matsaðferðir

### Ytra mat:

Könnun á viðhorfi foreldra til leikskólans er lögð fyrir annað hvert ár á vegum Leikskólasviðs. Jafnframt lætur Reykjavíkurborg kanna viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis síns. Menntamálaráðaneytið gerir úttektir á leikskólum á landsvísu. Við fáum svo sendar niðurstöður úr þessum könnunum og eru þær gerðar opinberar fyrir starfsfólki og foreldum.



### Innra mat:

Kennarar meta starfið á deildarfundum, öðrum fundum, skipulagsdögum og sérkennslufundum. Auk þess fer hver starfsmaður í eitt starfsviðtal við leikskólastjóra á hverju ári.

Við metum starfið út frá skráningum, umræðum og spurningalistum sem lagðir eru fyrir börn, foreldra þeirra og kennara Brákarborgar.



## Starfsáætlun

Út frá niðurstöðum innra og ytra mats er gerð umbótaáætlun sem kemur fram í starfsáætlun leikskólans sem tekur gildi 1.sept. ár hver.

## Samstarf við grunnskóla

Brákarborg er í samstarfi við Langholtsskóla. Við hittumst m.a. á degi íslenskrar tungu, okkur er boðið á sýningu í kringum jólin, förum með 1. bekk í fjöru sem Langholtsskóli hefur í fóstri og svo er ein heimsókn að vori.

## Hátíðir og hefðir

Brákarborg er gamalgróinn leikskóli og býr því bæði að gömlum og nýjum hefðum.

**Gróðursetning:** Börnin setja niður kartöflur, kál og gulrætur að vori sem tekið er síðan upp að hausti.

**Dagur íslenskrar tungu:** Tileinkum daginn íslenskum sögum og ævintýrum.

**Jólaundirbúningur:** Eldri börnin fara í kirkjuferð og jólakaffi er fyrir börnin þar sem þau koma með kökur að heiman. Við höldum jólaball og jólamatur er fyrir alla á eftir. Leikskólinn býður foreldrum í foreldrakaffi á þrettándaðanum.

**Söngfundur:** Sameiginlegur söngur af öllum deildum í Glæðheimum einu sinni í viku. Deildirnar skiptast á að stjórna.

**Þorrasmakk:** Börnin smakka á hinum hefðbundna þorramat.

**Bolludagur og Sprengidagur:** Haldið í gamlar hefðir með bollum og saltkjöti og baunum.

**Öskudagur:** Kötturinn sleginn úr tunnunni og allir í furðufötum.

**Tónleikar:** Elstu börnum leikskólans er boðið á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á vorönn.

**Opið hús:** Opið hús leikskólans er að vori. Þá er foreldrum og börnum, gömlum og nýjum, boðið að koma og kynna sér starfssemi leikskólans.

**Sveita- og fjöruferð:** Við förum alltaf í sveitina í maí. Þar fáum við örlitla innsýn í sveitalífið, grillum og skemmtum okkur. Á heimleiðinni er svo komið við í fjörunni, fjöruvífið skoðað og borðað nesti. Foreldrar velkomnir.

**Útskriftarferð:** Elstu börnin fara í ferð sem er mismunandi frá ári til árs.

**Útskrift elstu barna:** Elstu börnum ásamt fjölskyldum er boðið síðdegis til hátíðlegrar athafnar, þar sem hvert barn fær skjal því til staðfestingar að það hafi stundað nám í Brákarborg. Útskriftin lýkur síðan með veislu þar sem hver fjölskylda leggur sitt af mörkum.



**Íþróttadagur:** Farið í skruðgöngu um hverfið, börnunum skipt upp í hópa og fara þau svo á ýmsar stöðvar. Grillveisla með foreldrum í lokin.

**Afmæli:** Börnin mega koma með ís eða ávexti. Við höldum upp á afmæli með börnunum með félögum þeirra á deildinni.

**Þemadagar:** Á hverju ári höfum við nokkra þemadaga svo sem; vasaljósadag, náttfatadag, litadag og kannski fleiri sem okkur detta í hug.

